

Skólaráð

Skólaráð 31. maí 2013.

32. fundur

Mætt voru: Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ragnheiður Ásmundsdóttir fulltrúi kennara, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Sverrir Kristinsson fulltrúi nemenda, Mjöll Flosadóttir, Sigurbjörg Daníelsdóttir, fulltrúar foreldra og Pálmar Sigurðsson fulltrúi grenndarsamfélags.

Vilborg Harðardóttir fulltrúi nemenda var fjarverandi.

1. Funda og starfsáætlun vetrarins

Ræddum skipulag starfsáætlunar og breytingar sem hafa þarf í huga fyrir næsta starfsár. Það er full snemmt að kynna niðurstöður starfsmannasamtala á þessum tíma sem og mat á skólastarfinu og umbótaáætlun. Leggjum til að þessir liðir verði ræddir á upphafi haustmisseris. Einnig þarf að gera ráð fyrir fundi með nemendafélaginu að vori.

2. Skólapúlsinn - starfsmannakönnun

Fórum yfir helstu þætti starfsmannakönnunar. Ræddum m.a. starfsánægju og ýmsa þætti sem snú að henni. M.a. hafi það haft áhrif á starfsfólk að staða matráða á kaffistofu starfsfólks hafi haft áhrif á starfsanda til hins verra, álag hafi verið á fólki vegna veikinda og ekki alltaf hægt að leysa alla af. Mikil tími hefur farið af okkar fasta fundartíma í umræður um innleiðingu nýrrar aðalnámskrárinnar og því ekki náð að sinna annari starfsþróun eins og við hefðum viljað. Veltum því líka upp hvort við ættum að leggja ákveðnar línur um það hverjir taki könnunina því forsendur starfsfólks eru ekki allar þær sömu.

3. Undirbúningur fyrir næsta skólaár

Búið er að ráða tvo nýja kennara fyrir næsta skólaár sem munu kenna fyrstu bekkjum. Þetta eru þær Unnur Hjartardóttir og Heiða Einarsdóttir. Samúel Ívar Árnason verður ráðinn í stað Kristins íþróttakennara sem rær á önnur mið og fer í árs launalaust leyfi. Þau Bjartey og Hálfdan sem voru í launalausum leyfi sl. skólaár hafa bæði sagt upp störfum. Herdís Daníelsdóttir og Ólafía Lára Ágústsdóttir fara báðar í launað námsleyfi næsta skólaár. Fórum yfir alla bekki og þá kennara sem munu kenna þeim. Auglýst hefur verið eftir UT kennara, skólaliðum, sérkennurum og baðvörðum.

Skólaráð

4. Sérdeild

Stofnuð hefur verið sérdeild fyrir einhverfa í stað námsversins. Átta nemendur munu stunda nám þar næsta skólaár en jafnframt eiga sína heimabekki eins og verið hefur. Sigurlaug Ásta þroskaþjálfari mun halda utan um þá deild. Jón Valur mun líka starfa þar ásamt Eyrúnu. Margrét Valgerður fer í árs launalaust leyfi. Ráða þarf fleira fólk í deildina og verður væntanlega gengið frá því á næstu dögum.

5. Önnur mál

Staða aðstoðarskólastjóra hefur verið auglýst og væntanlega ráðið í það starf mjög fljótlega.

Áfram verður samstarf við Lækjarskóla varðandi val í unglingadeild en þó í smærri sniðum en í fyrra.

Mjöll vakti máls á því að henni fyndist prófin vera of seint og að einbeiting væri farin að slakna hjá nemendum. Sverri þótti tímasetningar á prófum vera í lagi, gott fyrir nemendur að taka stór próf og kunna það þegar í framhaldsskólann er komið. Áttum góðar umræður um þessi mál, m.a. hvort hægt væri að hafa prófin jafnvel enn fyrr, allavega að ljúka þeim fyrir hvítasunnu. Jafnframt ræddum við hvort það ætti að leggja meiri áherslu á símat og leggja ekki allt undir að vori.

Hrönn sagði frá krotinu á skólanum og að það hafi verið kært til lögreglu. Öryggismyndavélar hafa verið skoðaðar.

Hrönn sýndi nýtt eyðublað sem foreldrar geta nýtt sér ef þeir vilja óska eftir stuðningi við börn þeirra. Eyðublaðið verður sett á heimsíðuna.

Fyrir hönd foreldrafulltrúana í skólaráði þakkað MJÖLL, Hrönn fyrir gott samstarf öll árin og óskaði henni velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi. Þeim Ragnheiði og Ástu var líka þakkað samstarfið eftir tveggja ára setu í skólaráði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.30

Sif Stefánsdóttir, fundarritari